

Reykjanesbær	<del>HA</del>
Mótt.	30.09.2019
Lykill	00.00
Málsnr.	2019090706
Ábm.	KMK



Reykjanesbær  
Kjartan Már Kjartansson  
Tjarnargata 12  
230 Reykjanesbæ

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 25. september 2019  
Tilv.: SRN19090052/0.13.2

Efni: Óskað eftir tilnefningu í starfshóp um stöðu sveitarfélaga á Suðurnesjum og starfshóps um vaxtarsvæði

Hinn 23. ágúst sl. samþykkti ríkisstjórn Íslands að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis nr. 42/149 um stöðu sveitarfélaga á Suðurnesjum í samvinnu við forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, ferðamála-, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, heilbrigðisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra.

Í ályktuninni felst að skipa skuli starfshóp fulltrúa sveitarfélaga á Suðurnesjum og sex sérfræðinga framantaldra ráðuneyta til að vinna tímasetta aðgerðaáætlun um hvernig efla megi þjónustu ríkisins við íbúa á Suðurnesjum og mæta mikilli fólksfjölgun þar.

Meðal þess sem hópurinn skal leggja til grundvallar aðgerðaáætluninni er mat á:

- samfélagslegum áhrifum fólksfjölgunar á svæðinu
- samsetningu íbúa og mismunandi þörfum þeirra með tilliti til stöðu, aldurs, móðurmáls o.fl.
- hvort fjárframlög til ríkisstofnana á svæðinu hafi fylgt þróun byggðamála og fólksfjölgun
- áhrifum niðursveiflu í ferðaþjónustu og færri flugferða um Keflavíkurflugvöll á sveitarfélögin á svæðinu

Starfshópurinn skili skýrslu með niðurstöðum eigi síðar en 1. desember 2019. Sérfræðingur á skrifstofu sveitarstjórnar- og byggðamála í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu stýrir vinnu hópsins. Óskað verður eftir liðsinni Byggðastofnunar við framkvæmd verkefnisins.

Jafnframt leggur ráðuneytið til að sömu aðilar myndi starfshóp fyrir aðgerð C.16 í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024. Markmið aðgerðarinnar er að gera ríki og sveitarfélög færari um að bregðast við þenslu á vaxtarsvæðum og vinna að viðbragðsáætlun fyrir svæðin hverju sinni.

Um sambærileg verkefni er að ræða og samlegð fólgin í því að sami hópur inni bæði verkefni af hendi. Kallaðir yrðu til eftir þörfum fulltrúar annarra ráðuneyta og stofnana.

**Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið óskar hér með eftir að tilnefningu fulltrúa**

sveitarfélagsins í starfshópinn. Óskað er eftir að tilnefningin berist ráðuneytinu hið fyrsta og eigi síðar en 4. október nk. Vinsamlegast látið kennitölu, heimilisfang, netfang og starfsheiti tilnefndra aðila fylgja.

Ráðuneytið greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í starfshópunum.

Ráðuneytið vekur athygli yðar á 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ráðherra skipar í starfshópinn og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Fyrir hönd ráðherra

  
Hermann Sæmundsson

  
Hanna Dóra Hólm Mäsdóttir